

## SÁTT

### **Vegna samruna Olíuverzlunar Íslands hf. og Mjallar-Friggjar ehf.**

Kaup Olíuverzlunar Íslands ehf. (hér eftir Olís), dótturfélags Haga hf. (hér eftir Hagar), á öllu hlutafé í Mjöll-Frigg ehf. (hér eftir Mjöll-Frigg) fela í sér samruna (hér eftir samruninn) í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið og Olís hafa gert með sér eftirfarandi sátt skv. 17. gr. f. samkeppnislaga. Í henni felst að fyrirtækið skuldbindur sig til að hlíta eftirfarandi skilyrðum í starfsemi sinni, sbr. einnig 17. gr. c. samkeppnislaga.

#### **1. gr.**

##### **Þörf á íhlutun**

Að óbreyttu raskar samruni þessa máls virkri samkeppni. Því er nauðsynlegt að grípa til íhlutunar sem að lögum getur falið í sér ógildinguna hans eða setningu skilyrða. Samkeppniseftirlitið og Olís eru sammála um að unnt sé í þessu máli að vinna gegn skaðlegum áhrifum samrunans með setningu skuldbindandi skilyrða.

#### **2. gr.**

##### **Markmið og meginefni skilyrða**

Markmið sáttarinnar, og þeirra skilyrða sem í henni felast, er að vernda virka samkeppni á þeim mörkuðum sem samruninn nær til. Er skilyrðunum einkum ætlað að tryggja að samrunaaðilar beiti ekki sterkri stöðu sinni á dagvörumarkaði, og eftir atvikum tengdum mörkuðum, til þess að takmarka samkeppni á aðliggjandi eða fráliggjandi mörkuðum (lóðrétt áhrif).

#### **3. gr.**

##### **Aðgengi að þjónustu**

Mjöll-Frigg skal vera óheimilt að útiloka aðila sem eru ótengdir Olís frá viðskiptum við Mjöll-Frigg vegna þeirrar þjónustu sem félagið veitir á sviði átöppunar og framleiðslu, nema málefnalegar ástæður mæli með því. Á það sama við um framleiðsluvörur sem félagið selur sjálft í heildsölu. Tryggt verði að viðkvæmum viðskiptalegum upplýsingum um viðskiptavini fyrirtækisins verði ekki miðlað til annarra fyrirtækja innan samstæðu Haga.

#### **4. gr.**

##### **Jafnræði viðskiptavina**

Mjöll-Frigg skal gæta jafnræðis og hlutlægni á milli viðskiptavina fyrirtækisins á sviði átöppunar og framleiðslu. Þannig er Mjöll-Frigg óheimilt að veita Olís eða öðrum fyrirtækjum innan samstæðu Haga betri kjör og skilmála en öðrum viðskiptavinum, nema það grundvallist á skýrum málefnalegum réttlættingarsjónarmiðum. Á það sama við um framleiðsluvörur sem félagið selur sjálft í heildsölu.

## **5. gr.**

### **Eftirlit með skilyrðunum**

Berist Samkeppniseftirlitinu kvörtun með viðhlítandi rökstuðningi vegna verðlagningar eða skilmála Mjallar–Friggjar samkvæmt ofangreindu, skal eftirlitið hafa heimild til að skipa sérstakan óháðan matsmann til að taka til skoðunar hvort viðkomandi fyrirtæki hafi fengið óskert aðgengi að þjónustu í samræmi við 3. gr. og að kjör og skilmálar hafi verið í samræmi við skilyrði 4. gr. Skal Mjöll–Frigg hafa réttmætt tækifæri til að tjá sig um álit matsmanns áður en Samkeppniseftirlitið tekur ákvörðun um hvort tilefni sé til að hefja rannsókn vegna viðkomandi tilviks.

Skulu Mjöll–Frigg og eigendur bera allan kostnað af störfum matsmannsins.

## **6. gr.**

### **Viðurlög**

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í sátt þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Reykjavík, 2. janúar 2020

F.h. Samkeppniseftirlitsins

F.h. Olíuverzlunar Íslands ehf.